


# VÍKURSKARÐ

Umferðarkönnun 21., 23. júlí, 13. og 15.  
október 2005.



Ágúst 2006  
Friðleifur Ingi Brynjarsson  
ISBN: 978-9935-460-09-7

# Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR.</b> .....	<b>2</b>
<b>2. FRAMKVÆMD UMFERÐARKÖNNUNAR.</b> .....	<b>2</b>
2.1    UMFERÐARTALNING Í VÍKURSKARÐI.....	3
2.2    VIÐTALSKÖNNUN.....	3
<b>3. NIÐURSTÖÐUR.</b> .....	<b>4</b>
<b>3.1 NIÐURSTÖÐUR UMFERÐARTALNINGAR Í VÍKURSKARÐI.</b> .....	<b>4</b>
3.1.2 <i>Dreifing umferðar yfir sólarhringinn.....</i>	5
3.2    NIÐURSTÖÐUR VIÐTALSKÖNNUNAR. ....	7
3.2.1 <i>Svarhlutfall. ....</i>	7
3.2.2 <i>Skipting umferðar eftir upphafs- eða áfangastöðum.....</i>	8
3.2.3 <i>Búseta ökumanna.....</i>	9
3.2.4 <i>Tilgangur ferðar. ....</i>	11
3.2.5 <i>Umferð á milli svæða eftir leggjum. ....</i>	14
3.2.6 <i>Hlutfall þungra ökutækja. ....</i>	15
3.2.7 <i>Fjöldi farþega í hverju ökutæki. ....</i>	16
3.2.8 <i>Tíðni ferða. ....</i>	17
3.2.9 <i>Hlutfall erlendra ökumanna.....</i>	18
3.2.10 <i>Hlutfall kynjanna í umferðinni.....</i>	18
<b>4.0 NIÐURSTÖÐUR Í HNOTSKURN (LYKILTÖLUR).</b> .....	<b>19</b>
<b>5.0 LOKAORÐ.</b> .....	<b>19</b>
<b>6.0 VIÐAUHKAR.</b> .....	<b>19</b>

## 1. Inngangur.

Fimmtudagana 21. júlí, 13. október 2005, laugardagana 23. júlí og 15. október 2005 var umferð könnuð á Hringvegi um Víkurskarð, en sá staður tilheyrir Norðaustursvæði Vegagerðarinnar. Könnunin stóð yfir frá kl. 08<sup>00</sup> – 23<sup>00</sup> alla dagana.

Könnunarstaðurinn (sjá mynd 1) var uppi á miðju Víkurskarði n.t.t. við bílastæði efst í skarðinu.

Tilgangur með könnuninni er að afla upplýsinga um umferð á milli þéttbýlisstaða á Norðurlandi eystra, einnig gætu niðurstöður nýst við undirbúning hugsanlegra jarðganga í gegnum Vaðlaheiði.

Úr umferðarkönnuninni fengust m.a. upplýsingar um:

- Umferð milli svæða
- Tilgang ferðar
- Farþegafjölda
- Hlutfall þungra bifreiða
- Hlutfall erlendra ökumanna
- Búsetu ökumanna.
- Kyn bílstjóra.

## 2. Framkvæmd umferðarkönnunar.



Mynd 1. Könnunarstaður.


Framkvæmd könnunarinnar var með þeim hætti að allar bifreiðir, á leið um könnunarstaðinn voru stöðvaðar og bílstjórar spurðir nokkurra spurninga (sjá spurningaeyðubl. í viðauka nr. 1). Vegagerðin, umferðardeild og björgunarsveitin Súlur á Akureyri sáu um að framkvæma umferðarkönnunina, alls 35 manns.

Starfsmenn umferðardeilda önnuðust skipulagningu, úrvinnslu og skýrslugerð. Ekki hefur verið ráðist í svo umfangsmikla umferðarkönnun á þessu svæði fyrr. Athugunarsvæði vegna umferðarkönnunar í Víkurskarði sést á mynd 2.

Umferðarkönnunin skiptist í two verkþætti:

1. **Umferðartalning.** Notast er við fastan teljara sem staðsettur er í Víkurskarði og þrjá aðra á Hringvegi í nágrenni hans, til samanburðar (sjá mynd 2).
2. **Viðtalskönnun.** Allir bílar á leið um athugunarsvæðið voru stöðvaðir og nokkrar spurningar lagðar fyrir ökumenn.

## 2.1 Umferðartalning í Víkurskarði.



Teljari nr. 3 á mynd 2 hér til hliðar er fastur teljari, með sjálfvirkum aflestri, sem staðsettur er í Víkurskarði og skráir hann umferð á 10 mín. fresti allan sólarhringinn, allt árið. Til samanburðar við hann eru fengnar upplýsingar frá öðrum föstum teljurum á Hringvegi í nágrenninu, sjá staðsetningu þeirra á mynd 2 hér til vinstri.

Mynd 2. Staðir þar sem sjálfvirk talning fer fram.

Teljari nr. 1. 1-p9 á Hringvegi um Leirur við Pollinn.

Teljari nr. 2. 1-q1 á Hringvegi við Svalbarðseyrarveg.

Teljari nr. 3. 1-q3 á Hringvegi um Víkurskarð

Teljari nr. 4. 1-q5 á Hringvegi við Kross í Ljósavatnsskarði.

## 2.2 Viðtalskönnun.

Umfangsmesti hluti þessarar umferðarkönnunar var sá, að allir bílar á leið um könnunarstaðinn (sjá mynd 1) voru stöðvaðir, tími skráður í hverju tilviki og bílstjórar spurðir nokkurra spurninga, m.a. hvaðan væri komið og hvert ferðinni væri heitið.

Spurt var um tilgang ferðar og var þar um eftirfarandi 6 flokka að ræða:

1. Til/frá vinnu
2. Tengist vinnu
3. Verslun
4. Sumarleyfi
5. Einkaerindi.
6. Skóli (bara spurt í október)

Einnig var spurt um hversu oft farið væri um viðkomandi könnunarstað og voru eftirfarandi möguleikar á svari gefnir:

- Daglega (3x í viku eða oftar)
- Vikulega
- Mánaðarlega
- Sjaldnar

Skráð var búseta ökumanns, bifreiðar voru flokkaðar í fyrirfram ákveðna flokka, fjöldi farþega var skráður og hvort viðkomandi ökumaður væri útlendingur, karl eða kona. Sýnishorn af spurningarblöðum má sjá í viðauka I.

### 3. Niðurstöður.

#### 3.1 Niðurstöður umferðartalningar í Víkurskarði.



Í töflu 1 - 2 og myndum 3 - 4 má sjá hvernig sólarhringsumferðin, í Víkurskarði og nágrenni, var í þeim vikum sem umferðarkönnunin fór fram. Í nágrenni Víkurskarðs eru nokkrir fastir teljarar og þótti það skýrara að teljarar 1, 2 og 4 væru hafðir með til samanburðar. Eins og sést er ekki mikill munur á teljurum 3 og 4.

Tafla 1. Sólhringsumferð, á fjórum teljurum, könnunarvikuna í júlí.

Teljar nr.	vegnr.	sun	mán	pri	mið	fim	fös	lau	Meðalumferð í könnunarviku			
		17.júl	18.júl	19.júl	20.júl	21.júl	22.júl	23.júl	Virkur	Helgi	Í heild	Í könnun
1	1-p9	4963	4307	3997	4702	4653	5028	4844	4537	4904	4642	4749
2	1-q1	3526	2637	2471	2776	2934	3347	3286	2833	3406	2997	3110
3	1-q3	2658	1704	1575	1865	1967	2496	2391	1921	2525	2094	2179
4	1-q5	2493	1676	1622	1770	1804	2294	1988	1833	2241	1950	1896



Tafla 2. Sólhringsumferð, á fjórum teljurum, könnunarvikuna í október.

Teljar nr.	vegnr.	sun	mán	pri	mið	fim	fös	lau	Meðalumferð í könnunarviku			
		09.okt	10.okt	11.okt	12.okt	13.okt	14.okt	15.okt	Virkur	Helgi	Í heild	Í könnun
1	1-p9	2116	1978	2015	2047	2417	2595	2856	2210	2486	2289	2637
2	1-q1	1185	996	1023	1165	1297	1524	1659	1201	1422	1264	1478
3	1-q3	711	435	453	507	589	783	900	553	806	625	745
4	1-q5	671	454	460	550	618	785	750	573	711	613	684



Myndir 3 og 4. Dreifing umferðar í könnunarvikum.

Á myndum 5 og 6, hér á eftir sést lengra tímabil en á myndum 3 og 4, þ.e. hvernig umferðin var yfir þá mánuði sem kannanirnar fóru fram í. Eins og sjá má er umferðin mest í kringum helgar en í lágmarki um miðja vikuna.




Myndir 5 og 6. Sólhringsumferð um Víkurskarð í júlí og október 2005.

Með því að skoða töflu 3, hér á eftir, má sjá að meðalumferð á dag í júlí um Víkurskarðið er um 121% meiri en að meðaltali yfir árið og í október er umferðin, aftur á móti, um 31% undir meðalumferð yfir árið.

Tafla 3. Meðalumferð á sólarhr. pr. mánuð skv. árstalningu í Víkurskarði og nágr. árið 2005.

Nr.	Teljari	Janúar	Febrúar	Mars	April	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	*ÁDU
11-p9		1857	2322	2770	2988	3215	4081	5001	4162	3011	2566	2428	2640	3082
2 1-q1		1196	1312	1400	1626	1702	2424	3116	2587	1683	1375	1336	1355	1756
3 1-q3		476	602	822	769	953	1484	2193	1693	916	682	648	649	994
4 1-q5		475	613	815	773	917	1381	2024	1623	884	658	632	640	956

\*sjá skýringar við töflu 4.



Mynd 7 sýnir meðalumferð á dag eftir mánuðum fyrir fjóra teljara.

Niðurstaða talningar í Víkurskarði frá árinu 2000 til ársins 2005 er sem hér er skráð:

Skammstafanir og skýringar

ÁDU = Ársdagsumferð, meðalumferð á dag yfir árið.

SDU = Sumardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina frá og með júní til og með sept.

VDU = Vetrardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember.

Tafla 4. Próun ÁDU, SDU og VDU, í Víkurskarði, frá árinu 2000 – 2005.


Ár	2000	2001	2002	2003	2004	2005	Árleg aukning
ÁDU	834	864	931	981	1015	994	3,6%
SDU	1396	1410	1541	1591	1665	1577	2,5%
VDU	446	503	552	574	578	638	7,4%
ÁDU/SDU	0,597	0,613	0,604	0,617	0,610	0,630	

Í töflu 4 sést að, á þessum fimm árum, er mesti vöxturinn í VDU umferðinni sem bendir til þess að líkur eru á að sveiflur milli sumars og vetrar séu smátt og smátt að minnka m.ö.o. umferðin verður stöðugri milli árstíða.


### 3.1.2 Dreifing umferðar yfir sólarhringinn.

Á myndum 8 – 11 sést dreifing umferðar í Víkurskarði, yfir sólarhringinn þá daga sem könnunin fór fram, samkvæmt föstum teljara. Viðtalskönnunin stóð yfir frá kl. 08:00 – 23:00, dag hvern.

Pað er svolítið mismunandi hvenær umferðin nær hámarki eftir dögum. Eins og sést á mynd nr. 8 sést að hámarkið er frá 17:00 – 18:00. Á mynd nr. 9 er svipað mynstur þó með heldur minni sveiflum með hámark milli kl. 16:00-17:00. Á mynd nr. 10 er hámarkið milli kl. 19:00 – 20:00. Að lokum nær umferðin hámarki milli kl. 13:00 – 14:00, skv. mynd nr. 11.




Myndir 8 - 9. Dreifing umferðar, yfir sólarhringinn á könnunarstað, eftir klukkustundum.



Myndir 10 – 11. Dreifing umferðar, yfir sólarhringinn á könnunarstað, eftir klukkustundum.


Á grundvelli teljara í Víkurkarði er hægt að reikna meðaldreifingu umferðar yfir sólarhringinn fyrir árið 2005. Eins og sést á myndinni hér að neðan mætti rökstyðja það að umferðarkönnunin hafi náð til rúmlega 92% af umferðinni sem fer um Víkurkarðið. Það má sem sagt búast við því að jafnaði sé umferðin mest á tímabilinu 17:00 – 18:00 dag hvern.



Mynd 12. Reiknuð meðaldreifing pr. sólarring yfir árið.

## 3.2 Niðurstöður viðtalskönnumunar.

Við úrvinnslu könnumunarinnar var landinu skipt upp í 24 svæði (mynd 13.)



Mynd 13. Landfræðileg skipting svæða fyrir úrvinnslu umferðarkönnumar.

Eins og sést er skiptingin þéttust í kringum könnumina sjálfa en svæðin stækka síðan er fjær dregur, þó með þeim undantekningum að nokkrir þéttbýlisstaðir eins og: Akureyri, Húsavík og nággr., Vopnafjörður Egilsstaðir og Höfuðborgarsvæðið, fengu sérstakt nr. (Skipting landssvæða má einnig sjá í viðauka V)

Svör sem fengust í viðtalskönnuminni voru lykluð eftir á miðað við þessa skiptingu. Þar sem uppruni og ákvörðunarstaður var óviss var gefið gildið 0. Þetta gat átt við þegar vegfarendur gáfu upp staðarnafn sem ekki var hægt að staðsetja, neitað var að svara, bílstjórar stöðvuðu ekki eða fólk gat ekki gert sig skiljanlegt vegna tungumálaörðugleika.

### 3.2.1 Svarhlutfall.

Alls fóru 5.439 bílar um könnumarstaðinn, þar af svöruðu 5.394 bílstjórar, 10 bílar stoppuðu ekki en 35 bílstjórar neituðu að svara. Svarhlutfallið var því 99,2%. Tafla 5 sýnir hvernig þetta dreifðist á dagana.

Tafla 5. Yfirlit yfir svörun í viðtalskönnum.

Könnumardagur	Dagssetning	Svara	Neita að svara fjöldi	hlutfall	Stoppuðu ekki fjöldi	hlutfall	Alls fjöldi	Alls svarhlutfall
Fimmtudagur	21.júl	1849	6	0,3%		0,0%	1855	99,7%
Laugardagur	23.júl	2216	24	1,1%	6	0,3%	2246	98,7%
Fimmtudagur	13.okt.	526	0	0,0%	0	0,0%	526	100,0%
Laugardagur	15.okt.	803	5	0,6%	4	0,5%	812	98,9%
Alls		5394	35	0,6%	10	0,2%	5439	99,2%

Hvað varðar þá ökumenn, sem neituðu að svara eða stoppuðu ekki, náðust upplýsingar inn í könnunina um gerð ökutækis, fjölda farþega, stefnu ökutækis, tíma og kyn bílstjóra, en ekki náðust upplýsingar um aksturserindi, upphafs- og áfangastað né heldur um tíðni ferða og búsetu. Þó var hægt, í sumum tilvikum, að gera sér grein fyrir aksturserindi t.d. ef um vörubíl, rútu, merktan fyrirtækjabíl, sjúkrabíl eða bíl með tjaldvagn var að ræða. Af þessum sökum, sem og öðrum ónefndum hér, kunna að vera örlítil frávik á milli taflna í skýrslunni.


### 3.2.2 Skipting umferðar eftir upphafs- eða áfangastöðum.

Á mynd 14 má sjá hlutfallslega skiptingu umferðar eftir svæðum, skv. mynd nr. 13, miðað við alla könnunardagana. Til að útskýra hvað hlutföllin á mynd 14 merkja þá telst ökutæki ávallt til tveggja svæða í sömu ökuferð þ.e. þegar upphafs- eða áfangastaður ökumanns er innan viðkomandi svæðis telst bifreiðin til þess svæðis.

Dæmi:

Ef ökumaður kemur í könnunina og spurt er hvaðan hann komi, og ökumaður svarar “Húsavík” og ferðinni sé heitið til “Akureyrar”, þá er bifreiðin skráð með gildið 1 á svæði “Húsavíkur” og gildið 1 á svæði “Akureyrar”.

Við þessa útreikninga er notast við hlutföll og einungis unnið með skráða umferð þ.e. ekki er um neinn framrekning fyrir árið að ræða eða meðaltöl, þ.e. þetta eru hlutföllin eins og þau voru skráð þessa 4 daga. Ef áðurnefndur bíll, í dæminu hér á undan, væri eini bíllinn í könnuninni þá væri hlutfallið til og frá Akureyri (1-1) 50% og til og frá Húsavík (2-2) 50% og aðrir staðir með 0%.



Mynd 14 Hlutfallsleg skipting umferðar til og frá svæðum á könnunarstað. Númerin vísa í landfræðilega skiptingu á mynd 13.

Á mynd 14 sést greinilega að umferð er hlutfallslega lang mest til og frá Akureyri eða um 38%, næst mest til og frá Fnjóskadal eða rétt rúm 11% skammt þar á eftir er Húsavík með tær 11%. Minnst er umferðin til og frá Suðurnesjum eða tær 0,3%. Af þessu sést að eftir því sem svæðið er lengra frá könnunarstaðnum þeim mun minni umferð, einnig skiptir fólksfjöldi miklu máli eins og sést á því að Höfuðborgarsvæðið er hlutfallslega hátt þrátt fyrir mikla fjarlægð frá könnunarstað.

### 3.2.3 Búseta ökumanna.

Þegar spurt var um búsetu ökumanna, var landinu skipt upp í sjö önnur og stærri svæði (búsetusvæði) en fram koma á mynd nr. 13. Niðurstöður við þessari spurningu koma fram í töflum 6 - 8. Í töflunum eru niðurstöður flokkadar eftir könnunardegri sem síðan eru notaðar til að reikna út vikumeðaltal skv. formúlu 3.2.0.

Meðaltal í viku er fundið út frá formúlu 3.2.0:  $(5 \times \text{fimmtudagur} + 2 \times \text{laugardagur}) / 7$

Tafla 6.

Búseta ökumanna		Fimmtudagur 21.júl		Laugardagur 23.júl		Meðaltal
Nr.	Heiti svæðis	fjöldi	hlutfall	fjöldi	hlutfall	í viku
0	Öpekkt	6		31		
1	Suðurland	111	6,0%	191	8,6%	6,9%
2	Suðurnes	23	1,2%	16	0,7%	1,1%
3	Höfuðborgarsvæðið	305	16,5%	260	11,7%	15,0%
4	Vesturland	23	1,2%	25	1,1%	1,2%
5	Vestfirðir	15	0,8%	7	0,3%	0,7%
6	Norðurland	950	51,4%	1293	58,4%	53,6%
7	Austurland	97	5,2%	100	4,5%	5,0%
8	Erlendis	325	17,6%	323	14,6%	16,6%


Tafla 7.

Búseta ökumanna		Fimmtudagur 13.okt		Laugardagur 15.okt		Meðaltal
Nr.	Heiti svæðis	fjöldi	hlutfall	fjöldi	hlutfall	í viku
0	Öpekkt	0		6		
1	Suðurland	16	3,0%	28	3,5%	3,2%
2	Suðurnes	2	0,4%	2	0,2%	0,3%
3	Höfuðborgarsvæðið	24	4,6%	26	3,2%	4,1%
4	Vesturland	4	0,8%	3	0,4%	0,6%
5	Vestfirðir	5	1,0%	5	0,6%	0,8%
6	Norðurland	401	76,2%	657	81,5%	78,2%
7	Austurland	58	11,0%	66	8,2%	9,9%
8	Erlendis	16	3,0%	19	2,4%	2,8%

Tafla 8.

Búseta ökumanna		Fimmtudagar Júlí + okt.		Laugardagar Júlí + okt.		Meðaltal
Nr.	Heiti svæðis	fjöldi	hlutfall	fjöldi	hlutfall	í viku
0	Öpekkt	6		37		
1	Suðurland	127	5,3%	219	7,2%	6,0%
2	Suðurnes	25	1,1%	18	0,6%	0,9%
3	Höfuðborgarsvæðið	329	13,9%	286	9,5%	12,4%
4	Vesturland	27	1,1%	28	0,9%	1,1%
5	Vestfirðir	20	0,8%	12	0,4%	0,7%
6	Norðurland	1351	56,9%	1950	64,5%	59,5%
7	Austurland	155	6,5%	166	5,5%	6,2%
8	Erlendis	341	14,4%	342	11,3%	13,3%

Hlutfallsleg dreifing búsetu sést betur á stöplariti, mynd 15. Niðurstaðan kemur ekki á óvart þ.e. að íbúar á Norðurlandi eru í miklum meirihluta í akstri um Víkurskarðið.



Mynd 15.

Þá var ferðamynstur ökumanna eftir búsetu fundið út. Niðurstaðan hefur verið dregin saman í eina töflu, tafla 9. Í töflunni kemur fram sá fjöldi ökumanna sem ferðast á milli landssvæða (landssvæði skv. landfræðilegri skiptingu á korti í kafla 3.2) þar sem annað hvort upphafs- eða áfangastaður tilheyrir búsetusvæði ökumanns, sem hlutfall af þeim ökumönnum sem búsettir eru á viðkomandi búsetusvæði. Það þýðir að a.m.k. annað af landssvæðum, sem ökumaður ferðast á milli, verður að tilheyra búsetusvæði ökumanns til að vera talið til hans búsetusvæðis.

Dæmi um aflestur úr töflu 9: Í júlí voru 99,9% ökumanna, sem búsettir voru á Norðurlandi, að aka milli landssvæða þar sem a.m.k. annað landsvæðið er innan búsetusvæðis ökumanns en einungis 2,6% ökumanna sem búsettir voru á Suðurlandi.

Að jafnaði gildir, eftir því sem búsetusvæðið fjarlægist könnunarstaðinn því færri ökumenn eru að koma frá eða fara til síns búsetusvæðis.

Tafla 9.

Búseta	júlí hlutfall	október hlutfall	júlí og október
1. Suðurland	2,6 %	11,4 %	3,8 %
2. Suðurnes	25,6 %	25,0 %	25,6 %
3. Höfuðborgarsvæðið	27,1 %	38,0 %	28,0 %
4. Vesturland	20,8 %	28,6 %	21,8 %
5. Vestfirðir	9,1 %	20,0 %	12,5 %
6. Norðurland	99,9 %	100,0 %	99,9 %
7. Austurland	53,3 %	49,2 %	51,7 %


### 3.2.4 Tilgangur ferðar.

Hér á eftir er gerð grein fyrir tilgangi ferða þeirra ökumanna sem svöruðu spurningum í könnuninni.

Í viðauka III eru töflur þar sem sjá má tilgang ferða sundurliðaðan eftir leggjum. Eins og sjá má er hlutfall sumarleyfisumferðar mun hærra í júlí, eða 45,7% að jafnaði í könnunarviku, en í okt. 3,3% að jafnaði í könnunarviku. Þegar umferðin dregst saman, á haustin, verður hlutfallsleg aukning vinnuumferðar talsverð milli mánaða eða úr 13,7% í júlí og í 31,6% í október. Sumarleyfi er stærsta einstaka aksturserindið í júlí en einkaerindi er stærsta einstaka aksturserindið í október.

Meðalvikudagsumferð er fundin út frá formúlu 3.2.0:  $\frac{(5 \times \text{fimmtudagur} + 2 \times \text{laugardagur})}{7}$

Tafla 10.




Fimmtudagur 21. júlí.

Tilgangur	Fjöldi	hlutfall
til eða frá vinnu	50	2,7%
tengist atvinnu	249	13,5%
verslunarferð	44	2,4%
sumarleyfi	899	48,6%
einkaerindi	607	32,8%
til og frá skóla		
Samtals	1849	100,0%

Mynd 16. Kökurit af töflu 10.


Tafla 11.




Laugardagur 23. júlí.

Tilgangur	Fjöldi	hlutfall
til eða frá vinnu	38	1,7%
tengist atvinnu	154	6,9%
verslunarferð	51	2,3%
sumarleyfi	878	39,5%
einkaerindi	1100	49,5%
til og frá skóla		
Samtals	2221	100,0%

Mynd 17. Kökurit af töflu 11.



Mynd 18. Meðaldagur í júlí.



Mynd 19. Kökurit af töflu 12.

Tafla 12.

Fimmtudagur 13. okt.

Tilgangur	Fjöldi	hlutfall
til eða frá vinnu	39	7,4%
tengist atvinnu	177	33,7%
verslunarferð	28	5,3%
sumarleyfi	16	3,0%
einkaerindi	245	46,6%
til og frá skóla	21	4,0%
Samtals	526	100,0%




Mynd 20. Kökurit af töflu 13.

Tafla 13.

Laugardagur 15. okt.


Tilgangur	Fjöldi	hlutfall
til eða frá vinnu	38	4,7%
tengist atvinnu	93	11,5%
verslunarferð	50	6,2%
sumarleyfi	30	3,7%
einkaerindi	576	71,5%
til og frá skóla	19	2,4%
Samtals	806	100,0%



Mynd 21. Meðaldagur í október.


Að birta ársmeðaltal gæti verið svoltið villandi, þegar til þess er litið að sumarleyfisumferð er nánast engin stóran hlut úr ári en fer síðan alveg upp í að vera tæp 50% af heildarumferð, í þeim mánuðum sem mesta umferðin er yfir árið. Með því að skoða niðurstöður, yfir fimm ára tímabil eða 2000 - 2005, frá föstum teljara í Víkurskarði kemur í ljós að um 70% af heildarumferðinni yfir árið, tilheyrir tímabilinu apríl til september. Einnig kemur í ljós að á áðurnefndu 5 ára tímabili er meðalumferð á dag í júlí um 116% hærri en ÁDU, og meðalumferð í okt. er um 26% minni en ÁDU.

Miðað við áður gefnar forsendur er hægt að áætla nokkurs konar meðaltilgang umferðar um Víkurskarðið fyrir árið 2005, sjá mynd 22.



Mynd 22. Stöplarit af áætlaðri meðaldreifingu aksturserindis yfir árið.

Mynd 23 sýnir hvernig skýrsluhöfundur hefur áætlað skiptingu aksturserinda, um Víkurskarðið, mánuð fyrir mánuð árið 2005.



Mynd 23. Stöplarit af áætlaðri meðaldreifingu aksturserindis yfir árið mánuð fyrir mánuð.

### 3.2.5 Umferð á milli svæða eftir leggjum.

Í viðauka II kemur fram hversu mikil umferð er á milli svæða (skv. mynd nr. 13) eftir leggjum, óháð stefnu. Eftirfarandi er dæmi um upplýsingar sem má ná úr töflum í viðauka II:

Um legg sem kallast 1 - 2, en eftir þessum legg fer umferð á milli Akureyrar og Húsavíkur, fóru 270(bílar) 21. júlí og 288 ( bílar) 23. júlí. Næst kemur hlutfall þeirra af heildarumferð um könnunarstaðinn, hvorn dag. Því næst fjöldi þungra ökutækja og hlutfall þeirra af umferð um legginn. Meðalvikudagsumferðin er reiknuð út, skv. Formúlu 3.2.0. Að lokum er reiknuð út meðalumferð á dag fyrir árið ( $\bar{ADU}_{leggur}$ ), fyrir legginn, er þá miðað við hvorn mánuð fyrir sig. Í júlí er  $\bar{ADU}_{leggur}$  um 139 ( bíll/sólarhr.). Það sama endurtekur sig síðan í október. Athygli er vakin á muninum milli  $\bar{ADU}_{leggur}$  í júlí og okt. Líkur eru á að hið raunverulega  $\bar{ADU}_{leggur}$  sé á þessu bili.  $\bar{ADU}_{leggur}$  er fundið út með formúlu 3.2.1. hér að neðan. Athygli er vakin á því að ástæða þess að  $\bar{ADU}_{leggur}$  er birt með einum aukastaf er sú að umferð um fjölda leggja er minni en 0,5 ( bíll/sólarhr.) sem mundu glatast ella.

$$\bar{ADU}_{leggur} = \frac{\underline{ULK}}{HBS} \times \bar{ADU}_k \quad (\text{formúla 3.2.1})$$

Par sem:

ULK er meðalumferð leggjar á könnunarstað, skv. formúlu 3.2.0, fyrir alla könnunar-daga, mælt frá kl. 08:00 – 23:00.

HBS er útreiknað meðaltal, skv. formúlu 3.2.0, af heildarfjölda bíla, sem var stöðvaður á könnunarstað hvorn dag. Fjöldi bifreiða sem var stöðvaður sést í töflu 5.

$\bar{ADU}_k$  er meðalsólarhringsumferð á könnunarstað, reiknað út frá niðurstöðum talningar með föstum teljara í nágrenni könnunarstaðar (teljari nr. 3, sjá kafli 2.1).

Í viðauka III er samskonar tafla og í viðauka II, nema þar er umferð leggja flokkuð niður eftir erindum. Í töflunni koma fram hlutföll hvers erindis af heildarumferð á

leggnum. Taflan sundurliðast eftir könnunardeggi og meðalhlutfall er reiknað út skv. formúlu 3.2.0.

Dæmi um aflestar úr töflu, í viðauka III, er: að meðalumferðin eftir legg 1 – 2 yfir tímabil könnunarinnar er í 22,6% tilfella vinnuumferð sem skiptist þannig að 3,4% ökumanna eru að fara úr og í vinnu og í 19,2% tilfella tengist aksturserindi ökumanna atvinnu þeirra.

Hafa ber í huga að skv. kafla 3.2.4 er meðalumferð á dag í júlí 116% hærri en að meðaltali yfir árið og í október er umferðin 26% undir meðalumferð á dag yfir árið. Meðaltal þessara mánuða gerir 45% meiri umferð á dag en að meðaltali yfir árið.

### 3.2.6 Hlutfall þungra ökutækja.

Ökutæki þyngri en 3,5 tonn eru flokkuð sem þung ökutæki. Við þá flokkun var beitt sjónmati. Dæmi um það hvernig sjónmatið fór fram:


Ef ökutæki höfðu tvöföld dekk á afturöxli var ökutækið, að jafnaði, flokkað sem þungt ökutæki þ.e. annað hvort sem “rúta” eða “vörubíll”. Ef ökutæki hafði sæti fyrir 8 farþega eða fleiri var það flokkað sem “rúta”.

Ökutæki eru flokkuð í fimm flokka eins og fram kemur í töflum 14 og 15. Undir flokkinn „annað“ fóru t.d. bifhjól. Í aftasta dálki er meðaltal skv. formúlu 3.2.0.

Í júlí var einnig könnuð umferð þungra bíla á bilinu 00:00 – 08:00, þ.e. áður en aðal könnunin hófst og var skiptingin með þeim hætti sem tafla 15 sýnir. Eins og sést er hlutfall þungaumferðar mun herra yfir nóttna heldur en yfir daginn en jafnframt er umferðin mun minni, sbr. mynd 24.

Mynd 24 sýnir hvernig dreifing, umferðar, þungra bíla var yfir sólarhringinn. Eins og myndin ber með sér er ekki gott að sjá ákveðið mynstur út úr þessu. Svarta kúrfan er áætlaður meðalvikudagur.

Meðalhlutfall þungra bíla í könnuninni var 7,9%, að teknu tilliti til næturumferðar í júlí.



Mynd 24. Dreifing þungaumferðar yfir þá sólarhringa sem könnunin stóð yfir.

Tafla 14. Hlutfall þungra ökutækja af heildarumferð á bilinu 08:00 – 23:00.

	Fimmtudagur 21. júlí Fjöldi	Laugardagur 23. júlí Fjöldi	Fimmtudagur 13. okt. Fjöldi	Laugardagur 15. okt. Fjöldi	Fjöldi	Meðaldagur Hlutfall
Fólksbifreið	1703	2120	459	772		1185,3
Vörubifreið	56	3,0%	37	1,6%	43	8,2%
Dráttarbifreið	20	1,1%	13	0,6%	10	1,9%
Rúta	59	3,2%	65	2,9%	12	2,3%
Vinnuvél	0	0,0%	2	0,1%	2	0,4%
Annað	17		9			
Samtals	1855	7,3%	2246	5,2%	526	12,7%
				812	4,9%	1287,2
						7,3%

Tafla 15. Hlutfall þungra ökutækja af heildarumferð á bilinu 00:00 – 08:00 .

	Fimmtudagur 21. júlí Fjöldi	Laugardagur 23. júlí Fjöldi	Fimmtudagur 13. okt. Fjöldi	Laugardagur 15. okt. Fjöldi	Fjöldi	Meðaldagur Hlutfall
Fólksbifreið	84	105				90,0
Vörubifreið	11	10,9%	9	7,6%	-	10,4
Dráttarbifreið	2	2,0%	1	0,8%	-	1,7
Rúta	4	4,0%	4	3,4%	-	4,0
Vinnuvél				-		
Annað				-		
Samtals	101	16,8%	119	11,8%		
					106,1	15,4%

### 3.2.7 Fjöldi farþega í hverju ökutæki.

Í töflu 16 er sýndur farþegafjöldi, alla dagana, skipt niður eftir fólksbílum, rútum og öðrum ökutækjum. Þá er gefinn upp meðalfjöldi farþega í hverju ökutæki.

Það má segja að hlutfallslega sé ekki mikill munur á farþegafjölda í hverjum bíl á virkum degi og yfir helgi, í júlí, eða úr 1,9(farþ./bíl) í 2,2(farþ./bíl) en í okt. er hlutfallið heldur meira eða úr 0,9(farþ./bíl) í 1,4(farþ./bíl).

Meðalfarþegafjöldi í bíl yfir tímabilið er 1,8(farþ./bíl), sem er með því hæsta sem hefur komið út úr könnunum, núna síðustu ár. Geta má sér til um það að rútur t.d. á leið til Mývatns hjálpi verulega til með að hífa meðaltalið upp á þessum stað.


Tafla 16. Farþegafjöldi í ökutækjum, fyrir utan bílstjóra.

Víkurskarð	Fólksbílar	Rútur	Önnur ökut.	Alls
<b>Fimmtudagurinn 21. júlí.</b>				
Fjöldi ökutækja/ökumanna	1703	59	93	1855
Farþegar	2473	1028	24	3525
Meðalfjöldi farþega í ökutæki	1,5	17,4	0,3	1,9
<b>Laugardagurinn 23. júlí.</b>				
Fjöldi ökutækja/ökumanna	2120	65	61	2246
Farþegar	3355	1459	35	4849
Meðalfjöldi farþega í ökutæki	1,6	22,4	0,6	2,2
<b>Fimmtudagurinn 13. okt.</b>				
Fjöldi ökutækja/ökumanna	459	12	55	526
Farþegar	416	47	8	471
Meðalfjöldi farþega í ökutæki	0,9	3,9	0,1	0,9
<b>Laugardagurinn 15. okt.</b>				
Fjöldi ökutækja/ökumanna	772	13	27	812
Farþegar	997	149	9	1155
Meðalfjöldi farþega í ökutæki	1,3	11,5	0,3	1,4
<b>Meðalvikudagur.</b>				
Fjöldi ökutækja/ökumanna	1185	37	65	1287
Farþegar	1654	614	18	2285
Meðalfjöldi farþega í ökutæki	1,4	16,8	0,3	1,8

### 3.2.8 Tíðni ferða.

Í könnuninni voru ökumenn spurðir að því hversu oft þeir fær um Víkurskarðið. Áttu ökumenn, þar með, að meta það hversu oft, að jafnaði, yfir árið þeir fær um könnunarstaðinn. Í töflu 17 má sjá svör ökumanna, borin saman við aksturserindi þeirra könnunardagana.

Á stöplariti, hér að neðan, mynd 25, sést vel að langflestir fara sjaldnar en mánaðarlega um könnunarstaðinn eða um 43%, næst flestir fara mánaðarlega eða um 21% því næst vikulega eða um 19% og að lokum daglega eða um 17%.



Mynd 25. Súlurit af hlutfallslegri tíðni ferða fyrir alla könnunardaga.

Tafla 17. Tíðni ferða og aksturserindi.

Könnunardagur	Ferðatíðni	Aksturserindi													
		Til eða frá vinnu		Tengist atvinnu		Verslunarferð		Sumarleyfi		Einkaerindi		Til eða frá skóla		Samtals	
st.k.	%	st.k.	%	st.k.	%	st.k.	%	st.k.	%	st.k.	%	st.k.	%	st.k.	%
Fimmtudagur 21. júlí.	Daglega	24	1,3	106	5,7	6	0,3	27	1,5	112	6,1			275	14,9
	Vikulega	14	0,8	56	3,0	19	1,0	50	2,7	146	7,9			285	15,4
	Mánaðarlega	10	0,5	53	2,9	10	0,5	99	5,4	173	9,4			345	18,7
	Sjaldnar	2	0,1	33	1,8	9	0,5	723	39,1	176	9,5			943	51,0
	Samtals	50	2,7	248	13,4	44	2,3	899	48,7	607	32,9			1848	100
Langardagur 23. júlí.	Daglega	12	0,5	66	3,0	12	0,5	26	1,2	127	5,7			243	11,0
	Vikulega	11	0,5	30	1,4	14	0,6	71	3,2	248	11,2			374	16,9
	Mánaðarlega	10	0,5	25	1,1	12	0,5	96	4,3	307	13,9			450	20,3
	Sjaldnar	5	0,2	29	1,3	13	0,6	684	30,9	415	18,8			1146	51,8
	Samtals	38	1,7	150	6,8	51	2,2	877	39,6	1097	49,6			2213	100
Fimmtudagur 13. okt.	Daglega	26	4,9	89	16,9	4	0,8			47	8,9	11	2,1	177	33,7
	Vikulega	7	1,3	42	8,0	10	1,9			76	14,4	3	0,6	138	26,2
	Mánaðarlega	5	1,0	24	4,6	10	1,9	1	0,2	82	15,6	6	1,1	128	24,3
	Sjaldnar	1	0,2	22	4,2	4	0,8	15	2,9	40	7,6	1	0,2	83	15,8
	Samtals	39	7,4	177	33,7	28	5,4	16	3,1	245	46,5	21	4,0	526	100
Langardagur 15. okt.	Daglega	18	2,2	35	4,3	6	0,7	3	0,4	129	16,0	3	0,4	194	24,1
	Vikulega	11	1,4	22	2,7	21	2,6	3	0,4	194	24,1	10	1,2	261	32,4
	Mánaðarlega	5	0,6	21	2,6	17	2,1	2	0,2	165	20,5	5	0,6	215	26,7
	Sjaldnar	4	0,5	14	1,7	6	0,7	22	2,7	88	10,9	1	0,1	135	16,8
	Samtals	38	4,7	92	11,3	50	6,1	30	3,7	576	71,5	19	2,3	805	100
Meðaldagur	Daglega	22	2,6	84	9,1	6	0,6	14	0,8	93	8,5	4	1	223	17,4
	Vikulega	11	1,0	42	4,5	15	1,5	28	1,5	142	13,0	3		241	18,9
	Mánaðarlega	8	0,7	34	3,2	11	1,2	50	2,6	159	13,8	3		265	20,7
	Sjaldnar	2	0,2	26	2,6	7	0,7	364	19,8	149	10,4	1		549	43,0
	Samtals	43	5	186	19	39	4	456	25	543	46	11	1	1278	100,0

### 3.2.9 Hlutfall erlendra ökumanna.

Í könnuninni var það skráð sérstaklega ef ökumaður var útlendingur. Tafla 18 sýnir hlutfall þeirra í umferðinni alla könnunardagana og að meðaltali fyrir hvorn mánuð og í heild. Þetta hlutfall er mjög árstíðarbundið eins og sést í meðfylgjandi töflu. Gera má ráð fyrir að hámarksfjöldi útlendinga í umferðinni sé yfir sumartímann en fæstir útlendingar séu í umferðinni yfir vetrartímann.

Tafla 18. Fjöldi útlendinga í umferðinni.

Könnunardagur	Bílar fjöldi	Útlendingar fjöldi	Hlutfall
Fimmtudagur 21. júlí.	1855	323	17,4%
Laugardagur 23. júlí.	2246	323	14,4%
<b>Meðaltal vikudags í júlí</b>			<b>16,4%</b>
Fimmtudagur 13. okt.	526	16	3,0%
Laugardagur 15. okt.	812	20	2,5%
<b>Meðaltal vikudags í október</b>			<b>2,8%</b>
<b>Meðaltal vikudags yfir allt tímabilið</b>			<b>13,2%</b>

### 3.2.10 Hlutfall kynjanna í umferðinni.

Í annað skiptið, í svona umferðarkönnun, var kyn bílstjóra skráð. Töflur 19 - 21 sýna hlutfall milli karl- og kvenökumanna í umferðinni könnunardagana og að meðaltali fyrir tímabilið. Það kemur ekki á óvart að karlar skuli vera mikill meirihluti bílstjóra. Að meðaltali er hlutfallið milli kynjanna um  $\frac{3}{4}$  karlar á móti  $\frac{1}{4}$  konur.

Tafla 19.

Júlí	Karlar		Konur	
	fjöldi	hlutfall	fjöldi	hlutfall
Dagur				
Fimmtudagur 21. júl.	1400	75,5 %	455	24,5 %
Laugardagur 23. júl.	1697	75,6 %	549	24,4 %
Meðalvikudagur	1485	75,50 %	482	24,50 %

Tafla 20.

Október	Karlar		Konur	
	fjöldi	hlutfall	fjöldi	hlutfall
Dagur				
Fimmtudagur 13. okt.	440	83,7 %	86	16,3 %
Laugardagur 15. okt.	640	78,8 %	172	21,2 %
Meðalvikudagur	497	81,81 %	111	18,19 %

Tafla 21.

Meðaltal	Karlar		Konur	
	fjöldi	hlutfall	fjöldi	hlutfall
Dagar				
Fimmtudagar	920	77,3 %	271	22,7 %
Laugardagar	1169	76,4 %	361	23,6 %
Meðalvikudagur	991	77,0 %	296	23,0 %

## **4.0 Niðurstöður í hnottskurn (lykiltölur).**

- ÁDU um Víkurskarðið árið 2005 = 994(bílar/sólarhr.).
- Umferðarmesta klst. er að meðaltali milli kl. 17:00 og 18:00.
- Svarhlutfall í umferðarkönnun var 99,2%.
- Umferð var mest til og frá Akureyri eða um 38%.
- Ökumenn bjuggu flestir á Norðurlandi eða rúmlega 59%.
- Stærsta einstaka aksturserindið var einkaerindi eða um 47%.
- Hlutfall þungra bíla í könnuninni var að jafnaði 7,9%.
- Mesta umf. þungra bíla, var að jafnaði, milli 09:00 og 10:00 eða um 11 bílar/klst.
- Fjöldi farþega (fyrir utan bílstjóra) í hverju ökutæki var 1,8 (menn/bíl).
- Flestir aka sjaldnar en einu sinni í mánuði um könnunarstaðinn eða 43%.
- Hlutfall erlendra ökumanna var að meðaltali 13,2%.
- Kynjahlutfall ökumanna var um  $\frac{3}{4}$  karlar á móti  $\frac{1}{4}$  konur.

## **5.0 Lokaorð.**

Hér að framan hefur verið greint frá niðurstöðum umferðarkönnunar í Víkurskarði, Vaðlaheiði sem fram fór 21. og 23. júlí og 13. og 15. okt. 2005. Niðurstöðurnar verða m.a. notaðar í nýtt þyngdarpunktalíkan Vegagerðarinnar.

## **6.0 Viðaukar.**

**Viðauki I** sýnir spurningareyðublað sem notað var október.

**Viðaukar II - III** sýna umferð eftir leggjum og aksturserindi.

**Viðauki IV** sýnir tegund bifreiða eftir aksturserindi.

**Viðauki V** Textalýsing á skiptingu landsins upp í svæði skv. mynd nr. 13.

**Viðauki VI** Sýnir hvernig umferðarstraumar lágu hlutfallslega yfir könnunartímann.

Viðauki I  
Eyðublað í október

VEGAGERÐIN

UMFERÐARKÖNNUN 2005

ViðaukiII

Könnunarstaður	ÁDU <sub>k</sub>	994 (bílar/sólarhr.)		Meðalumf. í júlí		2193 (bílar/sólarhr.), skv. teljara		Meðalumf. i okt.		682 (bílar/sólarhr.), skv. teljara		Meðalvikudagsumferð í október		ÁDU <sub>leggjar</sub> í október														
		Fimmtudagur 21. júlí.		Laugardagur 23. júlí.		Meðalvikudagsumferð í júlí.		Fimmtudagur 13. okt.		Laugardagur 15. okt.		Umferð		Pung ökutæki														
Nr. svæða sem ekið var á milli	Umferð 8:00 - 23:00	Pung ökutæki	Umferð 8:00 - 23:00	Pung ökutæki	Umferð	Pung ökutæki	ÁDU <sub>leggjar</sub> í júlí	Umferð 8:00 - 23:00	Pung ökutæki	Umferð 8:00 - 23:00	Pung ökutæki	Umferð	Pung ökutæki	Umferð	Pung ökutæki													
fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%													
0-0	7	0,4%	1	14,3%	29	1,3%	5	17,2%	13	0,7%	2	16,1%	6,7		7	0,9%												
0-1	1	0,1%			1	0,0%			1	0,1%			0,5		1	0,1%												
0-2	1	0,1%							1	0,0%			0,4															
0-3	1	0,1%							1	0,0%			0,4															
0-21	1	0,1%							1	0,0%			0,4															
